



Alþingi
Erindi nr. Þ 123/1253 Tilvísun / Ref.
99030002

komudagur 3. 3. 1999

Alþingi
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndaritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 1999

SÖH/--

Vísa til bréfs umhverfisnefndar dags. 24. febrúar 1999 með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Embætti yfirdýralæknis gerir engar athugasemdir við frumvarpið nema 41. gr. þess um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minna á lög nr. 54/1990 um innflutning dýra. Í 2. grein þeirra er skýrt ákvæði um að óheimilt sé að flytja inn hvers konar dýr, tamin eða villt svo og erfðæfni þeirra. Dýr samkvæmt skilningi laganna eru öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingjar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni. Í 2. gr. laganna er landbúnaðarráðherra heimilt að víkja frá banni, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Sé um að ræða leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Náttúruverndarráðs.

Yfirdýralæknir telur mikilvægt og leggur áherslu á að landbúnaðarráðherra hafi áfram óskorað vald til að fjalla um innflutning dýra eins og mælt er fyrir um í lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og leiti umsagnar Náttúruverndarráðs, ef um er að ræða nýjar tegundir eða stofna. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja svo sem kostur er að ekki berist dýrasjúkdómar til landsins. Því er lagt til að 41. grein frumvarpsins verði breytt til samræmis við ofanskráð t.d. þannig að síðasta mgr. 41. greinar hljóði svo "Ákvæði greinar þessarar taka ekki til innflutning hvers kyns dýra, taminna eða villtra, svo og erfðæfnis þeirra, sbr. lög nr. 54/1990 um innflutning dýra....".

F.h.y.

Sigurður Örn Hansson